

Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingum (stjórnvaldssektir og eftirlit með gististarfsemi).

Eins og fram kemur í greinargerð með umræddu frumvarpi felldi umhverfis- og auðlindaráðuneytið niður kröfu um starfsleyfi heilbrigðisnefndar fyrir heimagistingu þann 1. júní 2017. Í kjölfarið jókst nýting á heimild til heimagistingar til muna. Einnig kemur fram að eftirliti með heimagistingu hafi eingöngu verið sinnt af sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.

Bæjarráð Fljótshéraðs gerir það að tillögu sinni að heimagisting verði ekki einungis skráningarskyld heldur einnig háð starfsleyfisveitingu heilbrigðisnefndar.


Með því yrði einnig að nokkru jafnaður sá aðstöðumunur sem leyfissskyld Hótel og gististaðir og heimagisting samkvæmt 90 daga reglunni búa við í dag.

Með því að fella niður starfsleyfisundanþágu mun eftirlit með því hvort farið sé að lögum og reglum einfaldast til mikilla muna og líkur á því að farið verði á svig við gildandi lög munu minnka.

Bæjarráð Fljótshéraðs gerir það einnig að tillögu sinni að eftirliti með heimagistingu verði sinnt af öllum sýslumannsembættum en ekki einungis af sýslumanni á höfuðborgarsvæðinu. Heimagisting er umfangsmikil víðar en á höfuðborgarsvæðinu og því eðlilegt að eftirliti verði sinnt af öllum sýslumannsembættum í stað eins.

Það er mat bæjarráðs Fljótshéraðs að núverandi fyrirkomulag sé til þess fallið að skapa óþarfa flækjustig auk þess að fyrirkomulag eftirlits skili ekki tilætluðum árangri og er því framangreindum tillögum að breytingum komið á framfæri.

F.h. Fljótshéraðs



Björn Ingimarsson, bæjarstjóri

